

Tillaga

Ég legg til að bæjarráð greiði kostnað við innkaup á 600 kertum sem seld verða til styrktar góðu málefni á Friðarvöku á Akureyrarvöku.

Greinargerð

Haustið 2014 var ákveðið að í stað þess að enda Akureyrarvöku með flugeldasýningu yrði búinn til viðburður sem þá fékk nafnið Friðarvaka og gekk út á að raða logandi útikertum í tröppur Akureyrarkirkju. Það er óhætt að segja að viðburðurinn hafi heppnast vel og sjaldan ef nokkur tíman heyrst minnst á að einhver sakni flugeldasýningarinnar. Þarna sló Akureyrarbær nokkrar flugur í einu höggi; minnkaði mengun og kostnað, styrkja góð málefni ásamt því að fá bæjarbúa til virkrar þátttöku í lokaatriði hátíðarinnar sem svo sannarlega er einstakt á landsvísu. Sjá t.d. umfjöllun hér

<https://www.n4.is/is/thaettir/file/fridarvaka-fyrir-hetjurnar-1/25>

Framkvæmdin er á þann hátt að Akureyrarstofa kaupir inn útikertin sem eru sérstaklega framleidd fyrir hátíðina hjá Plastiðjunni Bjargi en síðan eru ein góðgerðarsamtök valin til að sjá um sölu kertanna. Í ár verður það Slysavarnadeildin á Akureyri. Björgunarsveitin Súlur aðstoðar við að koma kertunum á sinn stað og er þeirra þáttur innifalinn í þjónustusamningi björgunarsveitarinnar við Akureyrarvöku.

Kertin voru fyrstu árin seld á 500 kr. stk. en kostuðu í innkaupum 150 kr. Þannig að ágóðinn af hverju seldu kerti var 350 kr. Í fyrra var verðið hækkað í 1000 kr. Og innkaupaverðið á hverju kerti er 210 kr. með vsk. Útsöluverðið var hækkað vegna þess að mikil vinna og einhver kostnaður liggur að baki sölunni og mikilvægt að þau samtök sem taka verkefnið að sér fái eitthvað fyrir sinn snúð. Þetta hefur þó valdið því að færri kerti seljast og hefur verið brugðið til þess ráðs að fylla upp í með óseldum kertum og kostnaður vegna þeirra kerta verið tekinn af fjárheimildum vegna Akureyrarvöku. Þetta er þó bagalegt fyrir skipuleggjendur Akureyrarvöku enda ekki nokkur leið að segja fyrir um hversu mörg kerti seljast og þá hversu mörgum þarf að bæta við.

Til þess að viðburðurinn líti vel út þarf að raða að minnsta kosti 600 kertum í tröppurnar. Þetta er mat undirritaðrar og Huldu Sifjar Hermannsdóttur verkefnastjóra á Akureyrarstofu.

Lagt er til að bæjarráð leggi til fjármagn til kaupa á 600 kertum á 210 kr. stykkið með vsk. samtals 126.000 kr. sem að mestum hluta til verður þá styrkur til þeirra samtaka sem taka að sér kertasöluna en tryggir einnig sjónræn gæði Friðarvökunnar.

Sóley Björk Stefánsdóttir